

# SKIMUN FYRIR SÝKINGUM Á MEÐGÖNGU

---

Samkvæmt klínískum leiðbeiningum um meðgönguvernd, útgefnum 2008 og endurskoðuðum 2010 er okkur ætlað að bjóða öllum barnshafandi konum skimun fyrir eftirfarandi sýkingum:

- Einkennalausri sýklamigu
- Lifrabólguveiru B
- HIV
- Rauðum hundum
- Sárásótt (syfilis)
- Chlamydiu hjá öllum konum 25 ára og yngri.

Nokkuð hefur borið á að einni og einni skimun sé sleppt, ljósmóðir, lækni eða konan sjálf telji að ekki sé þörf á henni. Alltaf verður þetta val konunnar en við mælum með að öllum konum séu boðnar allar þessar skimanir „í einum pakka“ og útskýrt fyrir þeim að í skimun sé ekki verið að velta fyrir sér áhættuþáttum hvers einstaklings, heldur mikilvægi þess að finna einkennalaus sjúkdóma, sem hægt er að meðhöndla með velferð ófædda barnsins í huga.

- Nánar má lesa um skimanir hér: <http://www.nice.org.uk/CG062fullguideline>

MÆÐRAVERND ÞRÓUNARVIÐS HH, ENDURSKOÐAÐ MARS 2018